

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 62, 25. janúar 2002,  
um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð 2002.**

1. gr.

Í stað: „til og með“ í 2. mgr. 1. gr., 3. mgr. 2. gr., 1. mgr. 3. gr. og í 2. mgr. 3. gr. komi: til kl. 10.00.

2. gr.

Í stað orðanna: „Frá Gjögurvita (á Ströndum)“ í B-lið 3. gr. reglugerðarinnar komi: Frá Hornbjargsvita.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. mars 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

## AUGLÝSING

**um deiliskipulag Grunda og Ása í Garðabæ.**

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti 15. nóvember 2001 tillögu að deiliskipulagi Grunda og Ása í Garðabæ. Í deiliskipulaginu felst m.a. að gatnakerfi atvinnulóða og íbúðalóða er aðgreint, gerð er tillaga um nokkrar nýjar lóðir fyrir íbúðarhús, grunnskóla, hönnunarsafn og leikskóla og gerðir eru heildarskilmálar fyrir hverfin.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 8. mars 2002.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins  
á sameiningu Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps.**

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 7. mars 2002 staðfest sameiningu Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga í eitt sveitarfélag skal taka gildi 9. júní 2002.